

Sp. 254. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir gegn fólksfækkun í sveitum.

Flm.: Stefán Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, landbúnaðarráðherra, að skipa 3 manna nefnd til að rannsaka, hverjar muni orsakir þess, að fólkið flytur úr sveitum landsins til kaupstaða og kauptúna, og hvað gera beri af löggjafans hálfu til að koma í veg fyrir það.

Nefndin skal þannig skipuð: Einn eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, annar eftir tillögum félags héraðsskólakennara, þriðji skal skipaður án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Íslendingar hafa frá öndverðu verið bændapjóð. Allt fram til síðustu aldamóta bjó allur þorri landsmanna í sveitum.

Árið 1900 voru íbúar landsins alls 78470. Af þeim voru tæplega $\frac{1}{3}$, eða 15551, búsettir í kaupstöðum og þorpum með yfir 300 íbúa, en rúmlega $\frac{2}{3}$, eða 62919, búsettir í sveitum.

Árið 1930 er fólksfjöldinn á öllu landinu 108629. Fólkinu hefir því fjölgað um 30 þús. á árunum 1900 til 1930. Hefði nú hlutfallið haldizt milli kaupstaða og sveita svo sem það var árið 1900, þá hefði fólkinu átt að fjölga á þessu tímabili um 6 þús. í bæjum og 24 þús. í sveitum. En fjarri er því, að svo sé. Fólksfjölgunin er eigi aðeins öll í kaupstöðum og þorpum með yfir 300 íbúa, heldur fækkar fólkinu í sveitunum á sama tíma um 12444, eða úr 62919 niður í 50475.

Í árslok 1936 er fólksfjöldinn á öllu landinu 116948, og var af því búsett í sveitum 48766. Með sveitum teljast þorp með minna en 300 íbúa.

Fólkinu hefir því fækkað í sveitunum á árunum 1930—1936 um 300 manns til jafnaðar á ári.

Bendir allt til þess, að svo hafi einnig verið síðastl. ár og muni verða áfram.

Þessi stöðugi og áframhaldandi flótti úr sveitunum hlýtur að vera allri þjóðinni, og þá eigi sízt fulltrúum hennar á Alþingi, hið mesta umhugsunar- og áhyggju-efni. Hlýtur fækkunin eigi aðeins að hafa lamandi áhrif á allt athafna- og framkvæmdalíf í sveitum, heldur jafnframt, að minnsta kosti er frá líður, að draga úr framleiðslunni.

Hin öra fjölgun þjóðarinnar í kaupstöðum og kauptúnum, og þá fyrst og fremst í höfuðborginni, hlýtur að hafa í för með sér ótæmandi erfiðleika fyrir sveitar- og bæjarstjórnir og ríkið í heild.

Enda þótt flest sé miður um þennan öra vöxt bæjanna, þá verður þó atvinnuleysið, er við það skapast, alvarlegra en allt annað. Er það því miður að verða föst meinsemd með okkar þjóð, er óhjákvæmilega getur af sér fleiri meinsemdir, er hér skulu eigi taldar.

Tillagan er borin fram í þeim tilgangi að fá úr því skorið með rannsókn, hverjar muni hinar raunverulegu orsakir til flóttans úr sveitunum. Enda þótt ýmsar skoðanir og getgátur séu uppi um þetta, og þær meira og minna líklegar og sannar, þá fæst aðeins ábyggileg niðurstaða, sé málið nákvæmlega rannsakað af þar til kvöddum mönnum.

Eigi löggjafinn að gera nokkuð til að vinna gegn flóttanum, sem ég tel, að honum beri skylda til, þá er honum nauðsyn að vita sem gerst orsakir til þess, er ráða á bót á. Meinsemdin verður því aðeins læknuð, að orsakir hennar séu kunnar.

Fátt myndi jafngæfuríkt fyrir þjóðina í heild og það, ef takast mætti að koma í veg fyrir fækkun í sveitunum, og að hin eðlilega fólksfjölgun, er þar verður, mætti þar áfram dvelja, en eigi burtu flýja.

Tillagan er tilraun í þá átt, að svo megi verða.

Í sambandi við skipun nefndarinnar skal þess getið, að ég tel mjög æskilegt, að einn af kennurum héraðsskólanna sé í nefndinni.

Kennarar þessir hafa haft öllum öðrum betri aðstöðu til að kynnast hugum sveitaæskunnar í landinu, þekkja óskir hennar og þrár, hvert þær liggi, hvort þær liggi til sveitanna eða frá þeim, á hverju hún byggir sína eigin framtíð og framtíð þjóðarinnar.

Kennarar héraðsskólanna eiga stöðu sinnar vegna að skipa sér í fylkingarbrjóst þeirrar sveitar, er af heilum hug og fullum drengskap vill vinna að eflingu sveitanna og landbúnaðarins, meðal annars með því að vinna gegn flóttá æskunnar úr sveitum landsins. Því skyldu þeir eigi gera þessum sveinum og meyjum sveitanna það ljóst, að bezt vinni þau ættjörðinni, treysti þau sveitum landsins og landbúnaðinum, helgi þeim krafta sína og störf og fái sína jafnaldra og þá, sem þeim eru yngri, til að gera slíkt hið sama. Þannig myndi skapast breyting meðal æskunnar í sveitunum, er styrkari myndi reynast til að byggja upp sveitirnar og uppræta flóttann þaðan en öll lagafyrirmæli, er gefin kynnu að vera út um það efni.

Megni héraðsskólarnir þetta, en að því ber þeim að vinna, þá er þeirra hlutverk bæði mikið og göfugt.